

# Norðfirðingur



2. tbl. 36. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2010

## Munið !

### Viðeyjar ganga

þann 15. maí n.k.

Mæting kl. 11:00 við Viðeyjarferjuna, farið af stað kl. 11:15 og tilbaka kl. 14.00

Leiðsögn um Eyjuna.

### Sjómanna-dagskaffi

þann 6. júní n.k.

Á Kaffi Reykjavík kl. 15:00-17:00

### Afhending

#### útsýniskífu

þann 30. júlí í Neskaupstað.

## Í fréttabréfinu Bls.

|                  |   |
|------------------|---|
| Frá stjórn       | 2 |
| Íslandsmeistari  | 2 |
| Hollvínasamtökin | 2 |
| Svavar Lárusson  | 3 |
| Dagskrá          | 4 |

## Góð mæting í Sólarkaffið !

Það er langt síðan svo margir hafa verið á Sólarkaffi og Aðalfundi Norðfirðingafélagsins en það voru um 130 manns sem mættu. Þessi góða mæting var þrátt fyrir að á sama tíma lék Ísland um þriðja sætið, bronsið, í Evrópumótinu í handknattleik. Ísland bar sigurorð af Póllandi 29-26.

Á aðalfundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf en að honum loknum var hið eiginlega sólarkaffi. Þar kynnti Magnús Stefánsson hið austfirska tímarit Gletting og austfirskar bækur. Fundarmönnum gafst svo tækifæri á að gerast áskrifendur að Glettingi og kaupa austfirskar ljóðabækur.

Hápunktur dagsins var svo kynning Birgis D. Sveinssonar á tónlistarferli Svavar Lárussonar. Svavar er móðurbróðir Birgis og báðir af Lárusarættinni svonefndu frá Sjávarborg. Sannir Norðfirðingar og innbæingar.

Að lokum fengu gestir sér kaffiveitingar og norðfirskt meðlæti eftir að hafa hlýtt á lög Svavars Lárussonar.



F.v. Sigríður Björgvinsdóttir, Bergsveina H. Gísladóttir, Geir Sigurjónsson og Kristín Kristinsdóttir



Magnús Stefánsson kynnrir tímaritiði Gletting



Við hlaðborðið á Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins 2010



## Frá stjórn Norðfirðingafélagsins



Gisli Gíslason

Starfsemi Norðfirðingafélagsins er með hefðbundnu sniði. Dagatalið hefur notið mikilla vinsælda og þar eru myndir úr heimabyggð en einnig eru þar skráðir viðburðir félagsins. Þannig gefur dagatalið starfsemi festu og félagsmenn geta fylgst með hvenær viðburðir eru. Árlega hefur verið þema í myndavali og fyrir árið 2010 var það verslun og þjónusta á Norðfirði. Ákveðið er að fyrir árið 2011 verði myndapemað, „Áhafnir skipa á Norðfirði“. Það er ljóst að af nógu er að taka og verður spennandi að fylgjast með útkomunni. Birgir Dagbjartur Sveinsson og Birna Hilmarsdóttir munu sjá um gerð dagatalins með hjálp ýmissa góðra manna. Guðmundur Sveinsson á Norðfirði hefur verið bæði þeim og félaginu

ómetanleg hjálparhella við að fá myndir og annan fróðleik úr heimabyggð. Í sumar verður útsýnisskífa afhent Fjarðabyggð til eignar. Útsýnisskífan verður staðsett fyrir utan Norðfjarðarvíta. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir hefur haft umsjón með verkinu. Til að fá örnefni innan fjallahringsins í firðinum fagra, þá hefur hún notið liðsinnis Haraldar Hálfánarsonar frá Kirkjumel, Inu Gísladóttir og Hjörleifs Guttormssonar. Undirstaða skífunnar er hönnuð af Norðfirðingunum Kolbeini Inga Arasyni og Ólafi Haukssyni. Undirstaðan verður samsett úr þremur mismunandi litum, stóru fjörugrjóti með keðjuvafning um undirstöðuna. Þetta er með skíra tengingu við fjöruna og hafið og er félagið ákaflega þakklátt fyrir framlag þeirra féлага Kolbeins og Ólafs til verksins.

Framundan er vöganga félagsins og í ár verður farið út í Viðey. Á Sjómannadaginn er svo árlegt kaffi á Kaffi Reykjavík. Í haust hefst svo dagskrá með Tónlistarkvöldi, Menningarkvöldi og Kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju þann 20. Desember. Við hlökkum til að hitta sem flesta Norðfirðinga og aðra á viðburðum félagsins.

Gisli Gíslason, formaður



## Hollvinasamtök FSN

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað (FSN) hefur verið mikilvægur hlekkur í samfélaginu í Neskaupstað og á Austurlandi allt frá stofnun árið 1957.

Hollvinasamtök FSN voru stofnuð í tengslum við fjölþætta starfsemi og til að gæta hagsmuna FSN og standa vörð um framtíðarsýn stofnunarinnar. Með málefnalegri umræðu taka hollvinasamtök forystu um velferð og hagsmuni meðal almennings.

Hollvinasamtökin veita FSN margvíslegan stuðning, þ.m.t. fjárhagslegan. Það er full ástæða til að hvetja þá sem vilja styrkja gott málefni að styrkja Hollvinasamtök FSN og er bent á heimasíðu samtakanna:

[www.sjukrahusfsn.is/hollvinir/](http://www.sjukrahusfsn.is/hollvinir/)



## NORÐFIRÐINGUR ÍSLANDSMEISTARI

Þorbergur Ingi Jónsson úr ÍR sigraði með talsverðum yfirburðum í Víðavangshlaupi Íslands sem fram fór í Laugardalnum þann 8. maí sl. Þorbergur ber höfuð og herðar yfir aðra hlaupara á Íslandi er kemur að víðavangshlaupum en hann á meðal annars Íslandsmetið í Laugavegshlaupinu.

Bróðir Þorbergs, Halldór Hermann leikur með Fram í úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Þeir eru báðir frá Norðfirði en móðir þeirra er Berglind Þorbergsdóttir, sem er dóttir Þorbergs Sveinssonar frá Barðnesi og Ingu Símonardóttir. Faðir þeirra er Jón Valgeir Jónsson frá Eskifirði.



Halldór Hermann Jónsson




Þorbergur Ingi Jónsson

## Svavar Lárusson 80 ára



Svavar Lárusson fæddist 7. maí 1930, sama ár og fyrstu hljómplötuupptökurnar voru gerðar hér á landi. Hann er frá Sjáraborg og er af hinni stóru og dugmiklu Lárusarætt. Svavar var einn fyrsti dægurlagasöngvari okkar Íslendinga sem eitthvað kvað að á plötum. Þó söng hann ekki inn á plötu fyrr en árið 1951. Hann naut þá þegar gífurlegra vinsælda. Svavar hljóðritaði flest lög sín erlendis þó svo byrjað væri að taka upp efni á hljómplötur hér á landi. Annarsvegar tók hann upp í Osló í Noregi, og hinsvegar í Stuttgart í Þýskalandi eftir að hann hóf þar nám. Söngferill þessa brautryðjanda var þó fremur stuttur, en á sjöunda áratugnum kom út nokkur fjöldi laga með honum sem sum hver eru sígild.

Fyrir sólarcaffi Norðfirðingafélagsins 2010 hafði Hlöðvar Smári Haraldsson skrifað nótur af nokkrum af hans gömlu lögum. Þetta var gert að frumkvæði Birgis D. Sveinssonar. Í framhaldinu var búin til hljómsveit, sem lék á Sólarcaffinu lögin hans Svavars við góðar undirtektir gesta. Þórunn Lárusdóttir söng en amma hennar og nafna var systir Svavars. Fyrir stuttu hélt Svavar uppá 80 ára afmæli sitt. Í afmælisveislunni spilaði sama hljómsveit aftur sumt af hans lögum. Norðfirðingafélagið stendur í þakkarskuld við Svavar og konu hans Elsu Christensen. Á heimili þeirra varð hugmyndin um að stofna félagið til fyrir rúmum 40 árum síðan. Svavar var í fyrstu stjórninni og Elsa seinna formaður um nokkurra ára skeið. Enn gleðja þau okkur með nærveru sinni á viðburðum félagsins. Fyrir það erum við öll þakklátt.



Þórunn Lárusdóttir söng lög frænda síns.



### Nýir félagsmenn.

Þetta fréttabréf er sent félagsmönnum en einnig til annarra Norðfirðinga, sem stjórninni var bent á.

Það eru um 360 Norðfirðingar skráðir í félagið. Félagsmönnum hefur fjölgað og það hefur verið vaxandi mæting á viðburði félagsins. Það er von stjórnar að þessi þróun haldi áfram.


**Nýir félagar eru ávallt velkomnir. Hægt er að skrá sig í félagið á heimasíðu félagsins, nordfiringafelagid.is**



Á Sólarcaffi Norðfirðingafélagsins 2010. Hljómsveitin samstóð af Norðfirðingum og börnum Norðfirðinga. F.v. Bjarni Freyr Ágústsson, Birgir D. Sveinsson jr, Þórunn Lárusdóttir, Hlöðver Smári Haraldsson og Sveinn Birgisson. Hljómsveitin flutti lög Svavar Lárussonar.



Norðfirskir tónlistarmenn á Sólarcaffinu 2010. Frá vinstri, Hlöðver Smári Haraldsson, Svavar Lárusson og Birgir Dagbjartur Sveinsson.



**Tónskáld og dægurlagahöfundar** sem tengjast Norðfirði f.v. Helgi Pálsson frá Tröllanesi á Norðfirði var kaupfélagsstjóri og tónskáld. Hann var faðir Gerðar Helgadóttur sem Gerðasafn í Kópavogi er kennt við. Ingi T. Lárusson var frá Seyðisfirði en bjó lengi á Norðfirði. Þórarinn Jónsson var frá Mjóafirði en fór frá Norðfirði til Reykjavíkur og þaðan til Þýskalands þar sem hann bjó í aldarfjórðung. Svavar Benediktsson, samdi mörg þekkt lög við texta Kristjáns frá Djúpálæk. Svavar Lárusson var einn fyrsti dægurlagasöngvari okkar Íslendinga sem eitthvað kvað að á plötum, Bjarni Tryggvason, Einar Ágúst Víðisson, Guðmundur Rafnkell Gíslason og Hlynur Benediktsson allir frá Norðfirði, hófu sinn feril seint á síðustu öld og eru enn að.



## Glettingur

www.glettingur.is  
Blað um austfirsk  
málefni

 **austur glugginn**

## Samúðarkort

Rósa Skarphéðinsdóttir  
selur samúðarkort frá  
Norðfjarðarkirkju

**Sími 477 1415**  
**GSM 860 3556**



Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
www.nordfirdingafelagid.is

Stjórn:  
Gísli Gíslason: 8980991  
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir:  
6648235  
Birna Hilmarsdóttir: 8628510  
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709  
Gunnar K. Guðmundsson:  
8583260  
Jón Karlsson: 8966378  
Hákon Aðalsténum: 8607015  
Birgir D. Sveinsson: 8629431  
Íris Másdóttir: 8673278  
Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264  
Birna Sævarsdóttir: 8625578  
Vilmundur Tryggvason: 8498910  
Örn Óskarsson: 8973290  
Jón Gunnarsson: 8403093

## Viðeyjarganga

Þann 15. maí n.k. Mæting við ferjuna úti í Viðey kl. 11.00 en brottför er kl. 11.15 og tilbaka kl. 14.00. Leiðsögn verður um eyjuna.

Upplýsingar gefa Gunnar Karl Guðmundsson og Íris Másdóttir.

## Sjómannadagskaffi

Þann 6.júní verður árlegt Sjómannadagskaffi Norðfirðingafélagsins á Kaffi Reykjavík frá kl. 15.00 til 17.00.

Upplýsingar gefa Vilmundur Tryggvason, Íris Másdóttir og Birna Sævarsdóttir.

## Afhending á útsýnisskífu

Þann 30. júlí mun Norðfirðingafélagið afhenda útsýnisskífu til eignar til Fjarðabyggðar.

Upplýsingar gefa Gísli Gíslason og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir

## Laugardagskaffi

Munið fyrsta laugardag í mánuði hittast Norðfirðingar í morgunkaffi á Kaffitári í Kringlunni kl. 9:30 í umsjón Jóns Karlssonar og Hákon Aðalsteinssonar.

## www.nordfirdingafelagid.is

Norðfirðingafélagið heldur úti heimasíðunni nordfirdingafelagid.is. Þar eru settar inn allar tilkynningar um viðburði á vegum félagsins. Stjórnin hvetur félagsmenn til að senda efni á heimasíðuna, hvort sem það er efni tengt Norðfirði eða Austurlandi. Hægt er að fá lykilorð og setja inn efni en einnig er hægt að senda á vefstjóra á tölvupóstfangið steini@hafro.is, sem svo kemur efninu á heimasíðuna.